



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	1. formannafundur KLÍ 2019-2020
Staðsetning:	Fundarsalur A Íþróttamiðstöðinni Laugardal
Hvenær:	10. mars 2020 kl. 19:00
Pátttakendur:	Jóhann Ágúst Jóhannsson (JÁJ)                      Formaður Kristján Ó Davíðsson (KÓD)                              Íþróttastjóri Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP)                      Framkvæmdarstjóri Sesselja Unnur Vilhjálmsdóttir (SUV)                      Gjaldkeri Einar Jóel Ingólfsson (EJI)                              ÍA Sigurður Þorsteinn Guðmundsson (SPG)                      ÍA Björn Kristinsson (BK)                                      KR Björn G Sigurðsson (BGS)                                  KFR Júlíus Helgi Eyjólfsson (JHE)                              Ösp Halldóra Í Ingvarsdóttir (HÍI)                              ÍR Sigríður Klemensdóttir (SK)                                ÍR
Boðuð forföll:	
Fjarverandi:	
Fundarritari:	JÁJ

## Dagskrá fundar

Gjaldkeramál KLÍ.....	1
Afreksmálin .....	1
Árþing KLÍ 2020 .....	2
Reglugerðir .....	2
Covid-19 málefni .....	2
Önnur mál.....	2

## Gjaldkeramál KLÍ

JÁJ opnar fund, býður viðstadda velkomna, sérstaklega JHE gjaldkera en Ösp er í fyrsta sinn fulltrúi á svona fundi.

Farið yfir verklag KLÍ í gjaldkeramálum. SUV hættir á komandi þingi sem gjaldkeri, ljóst að nýr þarf að taka við og þurfum við að vanda valið vel með þann sem tekur við keflinu af SUV.

SK og fleiri nefna að aðilar vilja fá fyrirfram uppl. um aðila sem valdir eru í landsliði KLÍ sem og grófa kostnaðaráætlun til upplýsinga.

Rætt um að KLÍ geti ekki fremur en aðildarfélög staðið í því að vera að rukka einstaklinga fyrir þátttöku eða ferðir. Þurfum að marka okkur betri stefnu í þessum málum. SUV vísar af fundi.

## Afreksmálin

JÁJ kynnir KDÓ fyrir þá sem ekki hafa hitt hann. Farið yfir hvert hans verkefni er og aðilar hvattir í einu og öllu til að setja sig í samband við hann með úrlausn mála sem þarf. Samvinna er aðalmálið. Farið yfir verkefni framundan.

### Árþing KLÍ 2020

Ársþing KLÍ verður laugardaginn 23. maí kl. 12. KR hýsir þing í ár. JÁJ nefnir að ljóst sé að kjósa þarf um 4 af 5 stjórnarmönnum auk varamanna. JÁJ ætlar að gefa kost á sér eitt tímabil enn. Umræður um verklag þings. Stjórnarfundur verður í næstu viku og þá skýrist vonandi hverjir gefa kost á sér áfram. PMP nefnir að aðilum er auðvitað frjálst að bjóða sig fram þótt aðrir gefi kost á sér.

### Reglugerðir

JÁJ fer yfir reglugerðamál. Eftir síðasta þing stóð til að Laga- og leikreglnanefnd fundaði til að gera ákv. breytingar á reglugerðum sem þörf er á. Sú nefnd hefur ekkert starfað. Stjórn KLÍ ætlar að halda vinnufund t.d. einn laugardag þar sem farið verður markvisst í reglugerðir, hverju þarf að breyta og laga. Félögum verður gefinn kostur á að vera með í ferlinu. Stjórn KLÍ mun þó skv. 10 gr. laga KLÍ afgreiða reglugerðirnar. Áhugi er hjá aðilum að taka þetta af dagskrá á þingum enda þarf að fara meiri vinna fram við reglugerðabreytingar heldur en næst á einu þingi. Umræður um ýmsar reglugerðir.

### Covid-19 málefni

JÁJ nefnir fund sem ÍSÍ boðaði sérsambönd á með Víði Reynissyni frá Almannavörnum og Þórólfi Guðnasyni sóttvarnarlækni. Þar kom fram að staða mála er þannig að ekki er mat á nauðsyn þess að leggja á samkomubann. Almenn sátt um að sérsambönd séu samstíga í aðgerðum. Dagskrá fer fram skv. áætlun en aðilar fylgjast vel með.

### Önnur mál.

Fundi slitið 21:00